

4. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 18. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79 frá 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. með áorðnum breytingum.

1. gr.

5. grein orðist svo: Hver sá, sem fær gjaldeyris og/eða innflutningsleyfi greiði viðskiptabönkum 0,5% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 25 kr. fyrir hvert einstakt leyfi. Af gjaldeyrisleyfum fyrir ferðakostnaði skal leyfisgjaldið þó vera 1%. Af leyfum fyrir benzíni og olíum tollskrárnúmer 27.09.00, 27.10.10, 27.10.29, 27.10.40 og 27.10.50 skal leyfisgjaldið þó aðeins vera 0,1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

Framsál gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfa er háð samþykki viðskiptabankanna. Óheimilt er að bjóða til sölu eða selja gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála o. fl. sbr. 6. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967 og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 18. júní 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu og skil á meðlögum o. fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga alla meðlagsúrskurði, skilnaðarleyfisbréf og skilnaðarsamninga, sem skylda barnsfeðra um meðlagsgreiðslur er byggð á.

Skjöl þessi, ásamt afriti af bréfi sbr. 3. mgr. þessarar greinar, skal Tryggingastofnunin eða umbodismaður hennar senda Innheimtustofnuninni innan eins mánaðar frá fyrstu greiðslu meðlags með barni.

Tryggingastofnun ríkisins skal tilkynna meðlagsskyldum barnsföður bréflaga um greiðsluskyldu hans um leið og fyrsta meðlag er greitt.

2. gr.

Að fengnum þeim gögnum, sem um ræðir í 1. gr., gerir Innheimtustofnun sveitarfélaga nauðsynlegar ráðstafanir til innheimtu meðlags hjá barnsfeðrum, svo sem nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari.

3. gr.

Hafi meðlagsgreiðandi ekki gert skil á meðlögum þeim, sem honum ber að greiða, eftir að hafa fengið tilkynningu frá Tryggingastofnun ríkisins um greiðsluskyldu sína, skal Innheimtustofnunin senda greiðsluáskorun til skuldara eða kröfu til launagreiðanda um að halda eftir hluta af kaupum eða aflahlut til lúkningar meðlögum. Krafa þessi skal gerð innan 14 daga frá móttöku greiðslutilkynningar, sbr. 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrir fram, sbr. lög nr. 87/1947 10. gr. og lög nr. 57/1921 15. gr. i.f.

Hafi safnast fyrir skuld hjá meðlagsgreiðanda er heimilt að gefa honum kost á að greiða skuldina með jöfnum mánaðargreiðslum. Jafnan skal þó leitast við að ná fullnaðargreiðslu fyrir hver áramót.

5. gr.

Óheimilt er að taka skuldabréf eða önnur verðbréf sem greiðslu á meðlagsskuld, en rétt er innheimtustofnuninni að veita slíkum verðbréfum viðtöku til tryggingar skilvísri greiðslu meðlagsskuldar. Slík verðbréf skal stofnunin afhenda viðskiptabanka sínum til varðveislu og innheimtu.

6. gr.

Innheimtustofnunin skal gera kröfu í dánarbú skuldara til hlutaðeigandi skiptaráðanda, ef hinn látni á ólokið greiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

Sama gildir um gjaldþrotabú, eftir því sem við á.

7. gr.

Vanræki meðlagsgreiðandi að verða við kröfu Innheimtustofnunarinnar um greiðslu, getur stofnunin krafizt lögtaks í eignum skuldara. Áður en til slíkrar aðfarar kemur, skal stofnunin rita skuldara bréf og tilkynna honum, um lögtakið með tveggja vikna fyrirvara.

Sama gildir, ef vanskil verða hjá launagreiðanda, eftir því sem við á.

8. gr.

Þegar beita þarf ákvæðum 7. gr. við innheimtu, ber skuldara að greiða 7% í vexti p.a. af skuld sinni frá gjalddaga til greiðsludags og skal vaxtakrafa fylgja lögtaksbeiðni.

Sé skuld greidd áður en til nauðungaruppbóðs kemur má fella niður kröfu um greiðslu vaxta.

9. gr.

Krafa um gjaldþrotaskipti eða um úrskurð um hælsvist skal ekki gerð, nema til komi samþykki stjórnar stofnunarinnar.

10. gr.

Innheimtum meðlögum samkvæmt kröfum Tryggingastofnunar ríkisins skal skilað mánaðarlega eftir á, þó eigi síðar en 3. næsta mánaðar.

Vextir, sem til falla af innheimtufé, skulu koma til frádráttar rekstrarkostnaði við Innheimtustofnunina.

11. gr.

Fullnaðarskil á lögmaetum meðlagskröfum Tryggingastofnunar ríkisins sbr. 1. gr. fyrir næstliðið almanaksár, skal Innheimtustofnun sveitarfélaga hafa innt af hendi fyrir 1. október ár hvert, í fyrsta skipti fyrir 1. október 1973. Heimilt er að verja öllum innheimtum meðlögum, sem innheimzt hafa, til lúkningar fullnaðarskila samkvæmt grein þessari.

12. gr.

Innheimtustofnunin getur tekið að sér hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög gegn greiðslu, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðaskuldum manna, sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi.

Einnig er Innheimtustofnuninni heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnsmeðlags, sem hærri er en lögmaeltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyrir hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, eða lögum.

Fyrir innheimtu þá, sem um ræðir í þessari grein, ber Innheimtustofnuninni þóknun, sem vera skal 10% af fé því, sem hún innheimtir.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 54 6. apríl 1971, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ**um Tækniskóla Íslands.****1. gr.****Hlutverk skólans.**

Hlutverk og meginmarkmið Tækniskóla Íslands skal vera að veita nemendum bæði tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Skal jafnan tekið mið af þróun tæknimenntunar meðal nágrannaþjóða.

Skólinn veitir þá menntun, sem krafizt er, til þess að menn hafi rétt til að kalla sig tækna og tæknifræðinga, sbr. 10. gr.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.**Skólastjóri, kennarar og stjórnun skólans.**

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra, er ber starfsheitið rektor, svo og kennara, skólanefnd og kennslunefnd.